

Hundasleðar Íslands ehf.  
Egils múm 12  
271 Mosfellsbær

19. nóvember 2020

### Formleg áminning.

Vísað er til bréfs heilbrigðiseftirlits dagsett 4. nóvember þar sem fyrirtækinu var tilkynnt um að heilbrigðiseftirlitið íhugaði að veita fyrirtækinu formlega áminningu til að knýja á um að sleðahundarnir verði fjarlægðir frá Egils múm 12, þar sem þeir valda nágrönnunum stöðugu ónæði. Fyrirtækinu var veittur frestur til að koma að andmælum við fyrirhugaða ákvörðun, sbr. 13. grein stjórnslulaga nr. 37/1993 innan 2 vikna frá dagsetningu bréfsins. Engin andmæli bárust á þessum tíma við þessari ákvörðun.

Þar sem engin andmæli bárust og það er ljóst að hundarnir eru ekki farnir frá Egils múm 12 veitir heilbrigðiseftirlitið fyrirtækinu áminningu samkvæmt 60. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 msb. Ákvörðun þessa og eftir atvikum aðra málsmeðferð er unnt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis -og auðlindamála, sbr. 65. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og lög um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála. Kæra frestar ekki sjálfkrafa réttaráhrifum ákvörðunar.

Heilbrigðiseftirlitið hefur í hyggju að beita frekari þvingunarúrræðum skv. VII. kafla laga um hollustuhætti og hefur til skoðunar að leggja á dagsektir, sbr. 61. gr. laganna, til að knýja á um að hundarnir verði fjarlægðir. Fyrirtækinu er veittur frestur til að koma að andmælum við fyrirhugaða ákvörðun, sbr. 13. grein stjórnslulaga nr. 37/1993. Andmæli skulu berast innan 2 vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson  
framkvæmdastjóri